



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 6/2016

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Golfbúðarinnar  
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Hinn 12. október 2015 kom starfsmaður Neytendastofu í verslun Golfbúðarinnar ehf., Hafnarfirði, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar.

Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að verðmerkingum var ábótavant í verslun Golfbúðarinnar. Sérstaklega voru gerðar athugasemdir við að verð vantaði á Bagboy kerrur og pakkasett auk golfbolta.

Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru. Í lok skoðunar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa kæmi til með að senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir þeim helstu ákvæðum laga og reglna sem um verðmerkingar gilda.

Með bréfi Neytendastofu til Golfbúðarinnar, dags. 28. október 2015, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.



## 2.

Hinn 8. desember 2015 var framkvæmd önnur skoðun hjá verslun Golfbúðarinnar, sem fram fór með sama hætti og fyrri skoðun. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að enn voru gerðar athugasemdir við að ástand verðmerkinga væri ábótavant. Sérstaklega voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingar vantaði á marga golfbolta, Röhnisch boli, belti, Bagboy burðarpoka, Powerbug kerru, Strata standbag, Bagboy kerru, Rovic kerru og Strata pakkasett.

Með bréfi Neytendastofu til Golfbúðarinnar, dags. 21. janúar 2016, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum og athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 25. janúar 2016. Í bréfinu segir að golfboltar séu seldir í miklu magni í Golfbúðinni. Boltategundir séu nokkrar og séu til í mörgum eintökum. Að boltakassarnir séu allir ómerktir sé ekki rétt. Nú kunni að vera að af 20 boltakössum af sömu tegund séu ekki allir verðmerktir en það fari ekki framhjá neinum hvert verið sé á viðkomandi boltakassa þar sem flestir séu verðmerktir. Röhnisch bolir séu til í tugatali og flestir verðmerktir. Það kunni að vera að á einhverri slá með fimm bolum hafi einn verið ómerktur. Ómerkt belti kunni að hafa verið á einhverri hillunni vegna þess að þau hafi verið tekin úr umbúðum en belti í umbúðum sé einnig til staðar merkt. Bagboy burðarpoki hafi staðið á gólfinu vel merktur með spjaldi þannig að greinilegt væri verð og afsláttur en síðan hafi verið nokkur eintök í hillum eða hugsanlega á gólfinu ómerktir. PowerBug rafmagnskerra hafi verið til í einu eintaki við síðustu heimsókn og hafði verið tekin úr kassanum. Strata standbag hafi ekki verið verðmerktur þar sem hann hafi verið hluti af pakkasetti og því ekki til á skrá, þ.e. Strata standbag hafi hafi verið selt án pokans og þá hafi verið gefið afsláttarverð á þennan poka eftir lauslegu mati. Það hafi láðst að merkja þennan poka sérstaklega. BagBoy kerrur séu seldar í miklu magni og hafðar í kössum sem séu verðmerktir. Þegar verið sé að taka þessar kerrur upp gleymist oft að merkja kerrurnar jafn óðum og þær seljist. Rovic kerrurnar séu uppseldar. Það kunni að vera að við eftirlitsheimsóknina hafi kerra staðið á gólfinu nýupptekin og án verðmerkinga en að jafnaði hafi þess verið gætt að verðmerkja kerrurnar enda hagsmunamál að þær seljist á réttu verði. Strata pakkasett hafi verið seld í miklu magni bæði fyrir karla og konur. Strata pakkarnir hafi allir verið verðmerktir. Nú kunni að vera að settið hafi verið tekið úr kassanum og gleymst að færa verðmerkinga yfir á settið.

Í tölvubréfi Neytendastofu, dags. 26. janúar 2016, kom fram að litið yrði til þessara skýringa við ákvörðun í málinu.



## II. Niðurstaða

Í máli þessu heftur Neytendastofa gert athugasemdir við verðmerkingar í verslun Golfbúðarinnar ehf., Hafnarfirði, þar sem ástand verðmerkinga hafi verið ábótavant við síðari skoðun og því ekki búið að gera viðunandi lagfæringar á verðmerkingum innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. verðmerkingareglanna:

*„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“*

*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.*

*Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“*

Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber Golfbúðinni að verðmerkja allar söluvörur sínar, hvar sem þær eru hafðar til sýnis, með endanlegu verði og skulu þær vera réttar.

Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í verslun Golfbúðarinnar þær að ástand verðmerkinga var enn ábótavant eins og að ofan greinir. Í svörum Golfbúðarinnar voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar því verið gæti að verðmerkingar hafi vantað á



einstök eintök af vörunum en þær hafi í öllum tilvikum verið verðmerktar í versluninni. Neytendastofa bendir á að samkvæmt verðmerkingarreglum hvílir fortakalaus skylda á seljendum til að gæta þess að söluvörur séu verðmerktar hvar sem þær eru hafðar til sýnis. Merkja skal vöruna með verði á vöruna sjálfa, viðfestan miða eða með hillumerkingu eða verðskilti sem er nálægt vörunni þannig að augljóst sé fyrir neytendur til hvaða vöru verðmerkingin vísar. Neytendastofa telur það ekki fullnægjandi verðmerkingu að óverðmerkt vara beri verðmerkingum á öðrum stað í versluninni eða að neytandi þurfi leitast eftir því að finna verð hennar. Starfsmaður Neytendastofu sem framkvæmdi skoðunina mat vörur í versluninni óverðmerktar enda gat hann ekki með góðu móti áttað sig á verði þeirra eins og verðmerkingarreglur gera kröfu um. Samkvæmt því mati teljast vörurnar óverðmerktar. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna. Eftir fyrri skoðun var Golfbúðinni gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í verslun hennar og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til Golfbúðarinnar að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*

Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotsins og meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, sem og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, telur Neytendastofa rétt að leggja á Golfbúðina ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III. Ákvörðunarorð:

„Golfbúðin ehf., Dalshrauni 13, 220 Hafnarfirði, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Golfbúðina ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 8. febrúar 2016

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir